



## Fundargerð hreppsnefndar 11. október 2010

Hreppsnefndarfundur haldinn mánudaginn 11. október 2010 kl. 16.30 í Kaupvangi

Mætt: Bárður Jónasson, Fjóla Dögg Valsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson og Sigríður Elva Konráðsdóttir.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Gengið til dagskrár.

1. Mál. Kosning allsherjarnefndar.

Vegna sérstakra aðstæðna í sveitarfélaginu sem skapast vegna veikinda sveitarstjóra leggur oddviti til að á grundvelli 53. greinar samþykktu um stjórn Vopnafjarðarhrepps verði kosnir 3 fulltrúar í allsherjarnefnd sem taka mun á málefnum sem upp koma í daglegum störfum sveitarfélagsins og leysa þarf úr milli hreppsnefndarfunda. Nefndin mun starfa tímabundið og hreppsnefnd ákvarða hvenær þeim er lokið.

Tillaga kom um Þórunni Egilsdóttur, Guðrúnu Önnu Guðnadóttur og Eyjólf Sigurðsson sem fulltrúa í nefndinni.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19. 51